

Nr. 148 / 09 Arnar ÁR 55***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 1056
Smíðaður: Rosendal Noregi 1967, stál
Stærð: 237,4 brl. 320,0 bt.
Mesta lengd: 38,7 m *Skráð lengd:* 34,99 m
Breidd: 7,35 m *Dýpt:* 5,96 m
Vél: Caterpillar 671 kW, 1990
Fjöldi skipverja: 10



Arnar©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 15. febrúar 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 6. desember 2009 var Arnar ÁR 55 á dragnótaveiðum á Mýrarbugt. Veður: ANA 10-15 m/sek, sjólítið.

Við veiðarnar missti skipverji jafnvægið vegna veltings og hrasaði á millipilfari. Í fallinu ætlaði hann að grípa í borð en rak hægri hendi í brún þess með þeim afleiðingum að hún brotnaði.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.